

Fundargerð 301. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 301. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 2.febrúar 2021 á TEAMS.

Efni fundar:

1. Íslenska ánægjuvogin 2020
2. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021
3. Ársreikningur – Áætlun 2021 - Aðalfundur
4. Stefnumótun – meginmarkmið – mælikvarðar
5. Fyrirmyndarfyrirtæki
6. NPS – þjónustumælingar
7. Fréttir af faghópum
8. Fjárhagsstaða Stjórnvísí
9. Önnur mál

Dags.fundur: 2.febrúar 2021	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 301
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Jón Gunnar Borgþórsson, Ingi Björn Sigurðsson, Guðný Halla Hauksdóttir

Fjarverandi: Ósk Heiða Sveinsdóttir

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Íslenska ánægjuvogin 2020.** Íslenska ánægjuvogin var haldin föstudaginn 29.janúar sl. á Grand Hótel og var einungis boðið til hátíðarinnar fulltrúum þeirra fyrirtækja sem voru efst á sínum mörkuðum. Skjáskot sá um að streyma hátíðinni og var streymið einstaklega vel gert og tókst vel. Búið er klippa niður streymið í 11 búta og er verið að koma þeim í umferð á samfélagsmiðlum. Einnig er búið að setja inn myndir á facebook. Hátíðin tókst með ágætum vel og var ágætis umfjöllun um hátíðina á samfélagsmiðlum. Mikið var um auglýsingar daginn eftir og hefur sala skýrslna farið vel af stað.
2. **Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021.** Dómnefnd kemur saman fimmtudaginn 4.febrúar og fer yfir tilnefningar. Seinni fundur dómnefndar er áætlaður í vikunni þar á eftir. Áætlað er að forsetinn afhendi verðlaunin þann 25.mars nk. á Grand Hótel. Aldrei fyrir hafa borist annar eins fjöldi tilnefninga og því verður vinna dómnefndar umtalsvert meiri en áður.
 - Fundarstjóri
 - Birting tilnefninga
 - Styrktaraðilar
3. **Ársreikningur – Áætlun 2021 – Aðalfundur.** Búið er að senda drög að ársreikningi ásamt yfirliti yfir lánadrottna, skuldunauta, ójafnaðar færslur og hreyfingarlista á stjórn félagsins. Árið endaði í -1.000.000.-kr. og var nokkurn veginn í samræmi við áætlun. Brugðist hefur verið við athugasemdum frá stjórn og verður í framhaldi

ársreikningurinn ásamt fylgiskjölum send til skoðunarmanna hjá KPMG til yfirferðar ef ekki berast fleiri athugasemdir frá stjórn. Lögð var fram áætlun félagsins fyrir árið 2021 sem var samþykkt af stjórn. Áætlun gerir ráð fyrir að í lok árs verði hagnaði upp á 1,5 millj. króna

4. **Stefnumótun – meginmarkmið – mælikvarðar.**

Í janúar var stefna Stjórnvísí rýnd og uppfærð til að takast á við breyttan veruleika. Búið er að finna mælikvarða á öll meginmarkmið og verður könnun send út til félaga í þessari viku til að meta árangurinn. Farið verður yfir niðurstöður á næsta stjórnarfundum.

5. **Fyrirmyndarfyrirtæki.** Nýjar leiðbeiningar voru kynntar í morgun.

6. **NPS – þjónustumælingar.** Í janúar var haldinn fundur með stjórnendum faghópa þar sem NPS skor var kynnt og stjórnir faghópa hvattar til að minna félaga á mikilvægi þess að meta fundi sem þeir sækja. Góð og uppbyggileg gagnrýni kom á fundinum er varðar spurningu í NPS skori.

7. **Fréttir af faghópum.** Fjöldi funda í janúar voru 11 voru 15 í fyrra. Í febrúar er búið að bóka 10 fundi voru 16 í fyrra. Það sem af er starfsári hafa þátttakendur á fundum verið 6511 voru allt árið í fyrra 4454. Viðburðir eru 112 voru 137 allt árið í fyrra. Þá er ótalið sá gríðarlegi fjöldi sem horfir á fundi á þeim tímum sem þeim hentar en mesta áhorf á fund er yfir 2000 manns, sá fundur var á vegum faghóps um leiðtoga.

8. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Gríðarlega vel gengur að innheimta félagsgjöld 2021 og er búið að innheimta félagsgjöld fyrir um 20 millj. króna. en gert er ráð fyrir 22 millj. króna í áætlun félagsins. Fjögur ný fyrirtæki komu inn í janúar; HS Veitur, Elko, Greiðslumat og Kerecis

9. **Önnur mál**

- Verið er að stofna nýjan faghóp um Excel. Útséð er að færri komast að í stjórn hans er áhuga hafa.
- Formannsframboð. Sigríður Harðardóttir í stjórn Stjórnvísí lýsti yfir áhuga á að bjóða sig fram til formanns í vor við mikla ánægju stjórnar.
- Markaðsefni
 - Verið að vinna í póstum
 - Búið að búa til segl fyrir Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2021
 - Standarnir komu vel út og voru vígðir á Íslensku ánægjuvöginni.
- Heiðursfélagi

10. **Staða verkefna** (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: Ásdís, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn.

Stjórn þessa faghóps fundar í næstu viku og er búin að vinna gríðarlega mikið starf í vetur. Það nýjasta er að boðið verður mánaðarlega upp á fundi með framkvæmdastjóra þar sem nýjungar verða kynntar og stjórnir faghópa hvattar til að koma með tillögur að fundarefni. Skoðað var að gríðarlegt álag er búið að vera í að vera stuðningur við faghópanna. Allir fyrirlestrar eru online og margir óruggir. Aðilar fóru því yfir allar leiðbeiningar á vefnum fyrir stjórnir faghópa til að einfalda þær og gera skýrari. Allar verklagsreglur hafa verið yfirfarnar og búið að gera ný myndbönd sem auðvelda stjórnnum faghópa að stofna viðburði á vef, stofna Teams tengil og stofna facebookviðburð. Nýlega var einnig haldinn fundur fyrir stjórnir faghópa sem er aðgengilegur á Teams. Senda á út póst á allar faghópastjórnir til þess að benda á þessar nýju upplýsingar og hvetja formenn til að deila þekkingu. Allir formenn

faghópa hafa admin aðgang á facebook síðu Stjórnvísí og geta gefið öðrum í stjórn faghópsins aðgang. Þannig ættu þeir að geta sett inn fundi af Teams inn á facebooksíðu félagsins.

2. Markaðsmál og sýnileiki

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla.

Rakel hönnuður Stjórnvísí og Ósk Heiða eru búnar að hittast nokkrum sinnum og voru kynntar tillögur sem komu frá hönnuði varðandi nýtt útlit. Þessi vinna snýst um að samræma ásýnd vörumerkisins við styrk fagmennsku. Rakel fór í vinnu við að nýta áfram dropann og hefur leikið sér með nýjar birtingarmyndir hans. Einnig kom hún með tillögu að breytingu á litum. Niðurstaðan var sú að Rakel myndi velja það sem henni líst best á. Passa verður vel upp á að hnappar verði vel sýnilegir. Stjórnir eru hvattar til að deila viðburðum á facebooksíðu Stjórnvísí og á sínum eigin aðgangi á LinkedIn. Útbúa á sérstaka bakgrunnsslæðu fyrir stjórnir faghópa til að nota á fundum. Verið er að bíða eftir Stefnu varðandi að uppfæra heimasíðuna. Núna er allt efni fullgert og búið að senda á Stefnu frá Rakel hönnuði Stjórnvísí. Mikið er að gera hjá Stefnu og því hefur tafist að koma uppfærðri hönnun á síðuna en von er á að það gerist í upphafi næstu viku. Í dag 5.janúar 2021 var kynnt nýuppfærð heimasíða félagsins sem hefur vakið mikla jákvæða athygli og allt efni fyrir stjórnir faghópa er komið inn á heimasíðuna.

3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís,

Hópurinn hittist 28.óktóber og ræddi hversu mikið ætti að leita út til annarra félaga. Áherslan á að vera á grasrótinni og við getum því ekki skipt okkur of mikið af því hvernig hóparnir vinna heldur að hvetja alla til að sækja meira inn í fræðasamfélagið þ.e. kynna nýjar rannsóknir. Einnig var rætt hverju væri verið að ná fram. Frumkvæðið þarf að koma frá grasrótinni. Niðurstaðan var sú að fara ekki í meira samstarf en nú er. Ákveðið að setja verkefnið á ís fram í janúar og taka upp stöðuna þá. Háskólarnir eru meðvitaðir um að vera með og alltaf skemmtilegt að blanda saman fræðasamfélaginu og vinnustaðnum.

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin
5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri
7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land
8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
9. Sinnnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma